



Náttúrubarnahátíð á Ströndum 19. – 21. júlí 2019

Föstudagur 19. júlí

- 17:00 **Fuglafjör:** Trítlað um teistuarpið.
- 18:00 Formleg setning hátíðarinnar. Gengið að veðurupplifunarstöðinni og framkvæmdur **veðurgaldur** til að tryggja gott veður alla helgina.
- 18:00 Hægt að kaupa súpu og grillaðar pylsur í Sævangi.
- 19:00 Mögnuð **töfrásýning** með Jóni Víðis.
- 20:00 Náttúrubarnakvissíð, æsispennandi **spurningaleikur** fyrir alla fjölskylduna. Hægt verður að kaupa vöfflur í Sævangi.
- 22:00 Melasysturnar Ellen og Árný Björnsdætur halda uppi fjörinu í **fjörusöng**.



Laugardagurinn 20. júlí

- 11:00 **Náttúrujoga** með Esther Ösp hjá Hvatastöðinni. Fullkomin leið til að komast í tengsl við sitt innra náttúrubarn.
- 12:00 **Undrin á plánetunni jörð**, stórskemmtilegt spjall með Stjörnu Sævari fyrir börn og fullorðna.
- 13:00 **Náttúra og vísindi!** Básar þar sem hægt er að ganga á milli og kynnst ólíkum rannsóknum sem tengjast náttúrunni, sjónum, gróðri og dýralífi. **Strandahestar** verða á staðnum, opið hús í tilraunastofunni og **plastdýragarðinum**.
- 15:00 **Tilraunasmiðja** með Jóni Víðis.
- 16:30 Náttúrupopp með Ellen Scheving, **poppað** yfir opnum eldi.
- 17:15 Leikhópurinn Miðnætti sýnir stórskemmtilega tón- og leiklistarbræðinginn **Sögur af nautum**.
- 18:00 Hægt að kaupa grillaðar pylsur og súpu í Sævangi.
- 20:00 **Tónleikar** og skemmtun með Jónsa í Svörtum fötum.
- 21:30 **Drauga-** og **tröllasögur** í sagnahúsinu!



Sunnudagurinn 21. júlí

- 11:00 Skemmtilegt spjall um **sjósund** með Pétri Húna og Hafdísí Hrund og kjörið tækifæri til að prófa að skella sér í sjóinn.
- 13:00 **Sirkus Íslands** skemmtir í Sævangi!
- 13:30 Spannandi náttúrusmiðja með **Arfistanum** Ástu Þórisdóttur.
- 15:00 **Leikjasmiðja** með Jóni Víðis á útivellinum í Sævangi.
- 16:00 Fjöruplokk! Plokkað í fjörunni við Sævang.



Frítt er á hátíðina

Veitingasala er á Sauðfjársetrinu alla helgina

Sundlaugin á Hólmavík gefur börnum sem heimsækja Náttúrubarnahátíðina frítt í sund

